

Verkfall Eflingar og VR hjá gististöðum 2019

Til hverra nær verkfall? / hverjir mega vinna?

- Verkfall nær til félagsmanna þess stéttarfélags sem boðar verkfall, ekki annarra, sbr. m.a. dóma Félagsdóms í málum nr. 8/1944, 4/1987 og 11/1997.
- Félagsmenn í öðrum stéttarfélögum eiga að sinna störfum sínum eins og áður.
- Verkfall nær ekki til starfa eða starfsgreina, einungis þeirra félagsmanna sem sinna tilteknum störfum og verkfallsboðun nær til.
- Verkfall nær ekki til félagsmanna sem starfa utan félagssvæðis Eflingar og VR.
- Óheimilt er skv. 18. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur að fá einstaklinga í öðrum stéttarfélögum eða samböndum sem að vinnustöðvun standa til að ganga í störf verkfallsmanna.
- Stéttarfélagi eða verkfallsvörðum á vegum þess er óheimilt að hindra vinnu þeirra sem verkfallsboðun nær ekki til, sbr. m.a. dóm Félagsdóms í máli nr. 11/1997.
- Stéttarfélag er skaðabótaskyldt ef það veldur viðskiptavinum gistiheimila og því sjálfu tjóni með ólögmati verkfallsvörslu, sbr. til hliðsjónar m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 287/1989 og 3/1992.
- Stjórnendum er heimilt að ganga í störf starfsmanna í verkfalli, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 151/1985, 287/1989 og 3/1992. Sjá nánar umfjöllun á vef SA.
- Mikilvægt er að skrá niður öll atvik sem koma upp í tengslum við verkfallsvörslu.

<https://sa.vinnumarkadur.is/kjarasamningar/verkfoll-2019>